




Heillaspor fyrir börn og ungmenni í Reykjanesbæ

Kolfinna Njálsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu

Reykjanesbær
Í KRAFTI FJÖLBREYTTLEIKANS





Hvað felst í Heillasporum

Heillaspor er heildræn nálgun til að styðja við farsæla þátttöku barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi.

Koma ró á taugakerfið - að fullorðnir séu meðvitaðir um að þeir verða að vera í tilfinningarlegu jafnvægi til að börn sem mögulega eru í tilfinningarlegu ójafnvægi finni öryggi og komist þannig sjálf í tilfinningarlegt jafnvægi.

Heillaspor:

- byggja á kenningum Bowlby's um tengslafræði og hversu djúpstæð áhrif bernskureynsla getur haft á proska barna.
- draga fram mikilvægi jákvæðra tengsla sem undirstöðu árangursríks náms og farsældar út frá hugmyndum Vygotsky.
- leggja ríka áherslu á vellíðan og tengslamyndun um leið og stutt er markvisst við proska barna.
- viðurkenna mikilvægi allra í skólasamfélaginu og hlutverk þeirra í að koma á áreiðanlegum, fyrirsjáanlegum og gefandi tengslum til að styðja við þróun félags- og tilfinningaþroska barna.
- horfa heildrænt á skólaumhverfið og hlutverk þess í að skapa umvefjandi og kærleiksríkt skólasamfélag sem hefur trú á möguleikum allra til að ná árangri í námi og daglegu lífi.
- leggja rækt við aðgengilega og inngildandi upplýsingagjöf til að styðja við öryggi barnsins og sjálfbærni í námsumhverfinu.

Heillaspor – samstarf og innleiðing

Verkefnið verður unnið í samstarfi við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) og snýst um að innleiða **Heillaspor (Nurture)**, sem er **tengsla- og áfallamiðuð nálgun** sérstaklega hönnuð til að styðja við **þroska, nám og farsæld barna** í inngildandi og fjölbreyttu skólasamfélagi.

Tilgangur verkefnisins er að styrkja miðlæga skólaþjónustu Reykjanesbæjar ásamt því að styðja skóla í Reykjanesbæ með gagnreyndum aðferðum sem hafa sýnt fram á að styðji og valdefli starfsfólk í því að veita öllum börnum þann stuðning sem þau hafa þörf fyrir.



Hvers vegna Heillaspor

Innleiðing Heillaspora hefur það að markmiði að **auka vellíðan allra barna** í Reykjanesbæ með því að **breyta menningu** innan skólanna þannig að hún verði **inngildandi**. Einnig að bæta andlega **líðan**, efla félagsleg **tengsl** og **seiglu** hjá öllum börnum og ungmennum í sveitarfélaginu.

Lögð verður áhersla á að nýta rödd barna, foreldra, starfsfólks og stjórnenda til að skilgreina áskoranir með áherslu á að auka jákvæð tengsl milli allra aðila, róa taugakerfið og styðja við þroska, nám og farsæld barna og ungmenna. Sú greining verður nýtt til að framkvæma áætlanir sem styðja við breytingar í umhverfi skólans, endurskoða vinnuferla sem og skrifaðar og óskrifaðar reglur og viðhorf starfsfólks.

Glasgow - haust 2024 – fengum góða kynningu á GIRFEC og Nurture = **Heillaspor**



Hvað þarf til... ekki allt upptalið


- Fagleg leiðsögn og stuðningur frá MMS og náíð samstarf við leiðtoga og ráðgjafarteymi á skrifstofu menntasviðs.
- Ná skilningi á hugmyndafræðinni hjá öllu starfsfólki skrifstofu menntasviðs ásamt skólastjórnendum og starfsfólki skóla sem taka þátt.
- Að styðja við innleiðingu á hugmyndafræði Heillaspora í leik- og grunnskólum og þannig styðja við öll börn.
- Stuðningur við að greina styrkleika og áskoranir og finna lausnir við þeim áskorunum sem skólar mæta í innleiðingu á Heillasporum.
- Gagnavinna; senda út og rýna í gögn eins og spurningakannanir, samtöl og rýnihópa og meta breytingar og nýta þær í innleiðingu skóla.
- Nýta vinnubrögð Heillaspora hugmyndafræðinnar til að styðja við skóla sem eru í innleiðingarferli, í samstarfi við MMS.
- Fjármagn...og skólastjórnendur



Heillaspor – fyrstu skrefin

- Við erum með vilyrði fyrir styrk frá Rauða krossinum vegna fjármögnunar á verkefninu, fjármagn til eins árs.
- Styrkur vegna aðgerðaráætlunar stjórnvalda v. Heillaspora
- Innleiðing hefst í september hjá skólaþjónustu og verður til áramóta, síðan tekur við innleiðing í skóla.
- Samtal við stjórnendur leik- og grunnskóla á Ásbrú er hafið. Stuðningur við starfsfólk Stapaskóla í innleiðingarferli þeirra hefst á haustönn í samstarfi við MMS.
- Ábyrgð okkar allra

Tímalína – drög





Reykjanesbær